

Fundur í skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms

Þriðjudaginn 27.nóvember 2012 kl. 18:00.

Mættir voru Þóra Margrét Birgisdóttir formaður, Eydís Bergmann Eypórsdóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir skólastjóri

Dagskrá

1. Skipun ritara
2. Lestur fundargerða síðasta fundar
3. Skýrsla skólastjóra
4. Fjármál
5. Önnur mál

1. Formaður setur fund kl.18:10 og gerir tillögu að Eydís verði ritari nefndarinnar. Það var samþykkt.
2. Formaður las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

3. Skýrsla skólastjóra

Breytingar um áramót

Lárus Pétursson fer í 49% starf og heldur hluta af nemenda hóp sínum.

Um áramótið breytist kennslufyrirkomulag trommunemenda og yngri gítarnemenda.

Nemendur fá 1 tíma í viku í einkakennslu og á móti komi samkennsla sem kennd er í 2-4 manna hópum. Þetta verður kynnt fyrir foreldrum fyrir jólafrí. Með þessari aðgerð tekst vonandi að saxa á biðlistann.

Skólastarfið og skóladagatal.

- Verið er að undirbúa jólatónleika og jólaheimsóknir.
- Gefið hefur verið út fréttabréf þar sem þetta kemur allt fram. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar á heimasíðu tónlistarskólans.
- Nokkrir nemendur hafa tilkynnt flutning og breytingar sem miðast við áramót og eru síðustu forvöð að tilkynna slíkar breytingar til skólans 14.desember nk.

- Illa gengur aðná saman æfingum hjá Víkingasveitinni. Ungmennin eru mjög upptekin og haldin var fundur með félögum og foreldrum/forráðamönnum. Verið er að endurskipuleggja æfingar og starfið. Búið er að senda tillögur að reglum sem gerðar voru til foreldra félaga sveitarinnar

4.Fjármál

- Áfram útlit fyrir að fjárhagsáætlun standis. Eru ekki farin að fá framlög frá jöfnursjóði.
- Reiknað er með einhverri hækkun á skólagjöldum og umsamdar launahækkanir, en að öðru leyti svipuð krónutala og árið 2012.

5.Önnur mál

- Kennarar hafa lagt svolitla vinnu í að teikna upp þær breytingar sem þeir óska að gerðar verði á sal skólans.
- Skólinn tilnefndi tvo fulltrúa í fagrað tónlistarskólanna sem samþykkt var á kennarafundi og eru það Hólmgeir Sturla Þórsteinsson og Jóhanna Guðmundsdóttir.
- Fræðsludagur Samtaka tónlistarskólastjóra verður 11.janúar 2013 í Reykjavík og stefnir skólastjóri að taka þátt.
- Afmælisárið 2014. Hugmyndir ræddar um afmælisárið og telur skólanefnd mikilvægt að sögu skólans og lúðrasveitarinnar þ.m.t. Hljómskálans verði gerð góð skil. Málið verður rætt áfram á næstu fundum.

Lesið var yfir drög að fundargerð og hún samþykkt. Næsti fundur verður þriðjudaginn 19.febrúar 2013 kl. 18:00.

Fundi slitið kl.19:00

Eydís Bergmann Eypórsdóttir